

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla.

9. fundur.

Þann 27. apríl 1976 var haldinn sameiginlegur fundur nefndarinnar og forsvarsmanna menntamálaráðuneytisins. Var fundurinn haldinn í húsnæði ráðuneytisins og hófst hann klukkan 14⁰⁰.

Af hálfu ráðuneytis sátu fundinn; Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Árni Gunnarsson deildarstjóri, Indriði Þorláksson deildarstjóri og Stefán Ó. Jónsson fulltrúi.

Nefndarmennirnir Gunnar Sveinsson, Guðrún Sigurðardóttir, Eggert Ólafsson, Jón Hólmgeirsson og Hreinn Ásgrímsson sóttu fundinn, ásamt Rögnvaldi Sæmundssyni, Ingólfi Halldórssyni og fræðslustjóra umdæmisins, Helga Jónassyni.

Gunnar Sveinsson rakti í fundarbyrjun gang mála frá síðasta fundi sömu aðila og gerði nánari grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar. Ráðherra, ráðuneytisstjóri og fræðslustjóri lýstu allir yfir mikilli ánægju með þá samstöðu sem ríkjandi virtist vera meðal sveitarfélaganna um þetta mál.

Fram kom, að fræðslustjóri, Stefán Ó. Jónsson og Indriði Þorláksson hefðu lagt lokahönd á gerð samkomulags þess sem fyrir lá og höfðu þeir að nokkru tekið tillit til þeirra athugasemda, er nefndin gerði við 3. grein þess (Sbr. fundargerð síðasta fundar).

Varðandi starfslið Iðnskóla Suðurnesja kom fram að enginn er þar skipaður í stöðu aðrir en skólastjóri, annað starfslið er sett í starf frá ári til árs. Fannst mönnum eðlilegt að skólastjóri skólans yrði gerður að deildarstjóra yfir verknámshluta fjölbrautaskólans, þegar skólarnir verða felldir saman.

Aksturskostnaður og skipting hans milli ríkissjóðs og sveitarfélaga var næst til umræðu. Niðurstaða þeirra umræðna varð sú, að eðlilegast væri, að fella hann inn í almennan rekstur, þannig að þátttaka ríkis verði 50% eins og í öðrum rekstri.

Ráðherra kvað enga fjárveitingu vera á fjárlögum þessa árs til þessa skóla. Væri því nauðsynlegt að kynna öðrum ráðherrum málið og leita jákvæðra undirtekta þeirra. Hins vegar sagðist hann hafa skýlause lagaheimild til að heimila stofnun slíks skóla, en hann teldi þessa leið æskilegri.

Ráðuneytisstjóri gat þess, að verið væri að vinna að breytingum á lögum um fjölbrautaskóla. Væri þar einkum um að ræða nánari skilgreiningu á réttindum nemenda og væru þar.m.a. afar mikilvæg atriði varðandi verknámið.

Árni Gunnarsson spurði nefndarmenn hvort uppi væru nokkrar ákveðnar hugmyndir varðandi menntaskólabrautina, t.d. hvort til stæði að bæta þriðja nómssárinu við að ári loknu. Töldu menn sjálfsagt og eðlilegt að stefnt yrði að því, ef nemendafjöldi og aðstæður leyfa.

Ráðuneytisstjóri taldi eðlilegasta ~~gang~~ ~~málsins~~ framhald málsins vera, að ráðherra ræddi við samráðherra sína um stofnun skólans og ráðuneytið hefði samband við ráðninganefnd varðandi stofnun skóla-meistarastöðu, samstarfsnefnd um menntaskólastigið varðandi menntaskólabrautina, einnig við skólastjóra fiskvinnsluskólans og e.t.v. fleiri aðila. Skyldi stefnt að því, að þessum viðræðum öllum verði lokið fyrir mánaðamótin apríl/mái, til þess að unnt verði að auglýsa sem fyrst lausar stöður við skólann og vinna þá undirbúningsvinnu sem eftir er.

Að viðræðum þessum loknum rituðu nefndarmenn undir meðfylgjandi samning, með fyrirvara um staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna.

Að undirskrift lokinni þakkaði formaður nefndarinnar, Gunnar Sveinsson, ráðherra, ráðuneytisstjóra, fræðslustjóra og öllum þeim aðilum, sem að framgangi þessa máls hafa unnið, sérlega ötult og gott starf, ~~þetta~~ hefði ráðuneytið sýnt málinu skilning og velvilja frá upphafi og hefði slíkt auðveldað framgang þess mikið.

Ráðherra þakkaði mönnum komuna og kvaðst vona að málið næði farsællega fram að ganga. Var fundi slitið klukkan 15¹⁵.

Fundarritari. Hreinn Ásgrímsson (sign).